

Nd.

287. Breytingartillögur

við frv. til laga um friðun hreindýra.

Frá Sveini Ólafssyni.

1. Við 1. gr. Greinin verði þannig:

Hreindýr skulu hvarvetna á landi hjer friðuð fyrir skotum og öðrum veiðivjelum til 1. janúar 1935. Heimiit skal þó að handsama dýr til eldis.

2. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:

Brot gegn 1. gr. varða 100 kr. sektum i fyrsta sinn fyrir hvert dýr, sem veitt er, en sektir tvöfaldast við hverja ítrekun brots, alt að 400 kr.

3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Fara skal með mál, er rísa af brotum á lögum þessum, sem almenn lögreglumál. Sektir skulu hálfar falla til uppljóstrarmanns, en hálfar i sveitarsjóð heimilissveitar hans.